



Kópavogi, 12. nóvember 2024
24093637/202.00 RH

Efni: Svar við erindi um gjaldfrjálsar, en líka hollar sem og umhverfis- og loftslagsvænar máltíðir í grunnskólum Kópavogs

Á fundi menntaráðs Kópavogs 1. október 2024 lögðu Tryggvi Felixson, fulltrúi Vina Kópavogs og Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, fulltrúi Pírata, fram eftirfarandi tillögu:

Kópavogsbær setji skólum bæjarfélagsins skýr viðmið og leiðbeiningar sem stuðli að boðið verði upp á hollar og umhverfis- og loftslagsvænar máltíðir í skólum bæjarins. Tekið verði mið af Norrænu næringarráðleggingunum 2023. Leitað verði aðstoðar kunnáttufólks í næringarfræði. Menntasviði Kópavogs verði falið umsjón verkefnisins og skal það leita samstarfs við önnur bæjarfélög eftir því sem efni standa til. Haft verði samráð við skólasamfélagið í Kópavogi. Tillaga að viðmiðum og leiðbeiningum liggi fyrir í ársbyrjun 2025.

Mötuneyti í grunnskólum Kópavogs vinna samkvæmt [Handbók fyrir grunnskólamötuneyti](#) sem Embættis landlæknis gefur út. Áhersla er á hollar og umhverfisvænar máltíðir. Í handbókinni er einnig fjallað um innkaup út frá hagkvæmni, hollustu og umhverfissjónarmiðum, sjá nánar [innkaupastefna](#) matvæla fyrir ríkisaðila.

Mötuneyti í grunnskólum Kópavogs skulu tryggja:

- Að matur sé í samræmi við ráðleggingar Embættis landlæknis um mataræði.
- Að næringarupplýsingar fyrir hverja máltíð skulu vera aðgengilegar á heimasíðu skólanna.
- Að mæling á matarsóun fari fram tvisvar á ári í viku í senn

Til að fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt ofangreindu lætur menntasvið framkvæma úttekt á mötuneytum leikskóla og grunnskóla á þriggja til fjögurra ára fresti. Úttektin er framkvæmd af Sýni, viðurkenndu fyrirtæki á sviði matvælafræði sem veitir heildarlausnir í gæðamálum (sjá fylgiskjal gátlisti).

Síðasta úttekt fór fram í janúar 2022 og var áherslan í þeirri úttekt á næringargildi máltíða, grænkerafæði og matarsóun. Niðurstöðum úttektar var fylgt eftir með námskeiði fyrir matreiðslumenn í ágúst 2022 þar sem fjallað var um, meðhöndlun, aðferðir og hráefni, verkleg kennsla í eldun á grænkerafæði og uppskriftahandbók. Einnig var starfsdagur með sama hóp mars 2023 þar sem fyrst og fremst var fjallað um innkaup og innkaupadeild Kópavogsbæjar hélt námskeið. Jafnframt var innleitt næringarskráningarkerfið [Timian](#) þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um næringargildi máltíða. Matreiðslumenn í grunnskólum og starfsmenn á menntasviði funda tvisvar á önn til að rýna innkaup, matseðla og skráningu á matarsóun.



Kópavogsbær er aðili að rammasamningum ríkisins, fyrirtæki sem eru innan rammasamnings þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði m.a. varðandi umhverfismál:

Umhverfisskilyrði og umhverfisvottun

Ríkiskaup vinna eftir stefnu ríkisstjórnarinnar um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur. Markmiðið með stefnunni er að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við öll innkaup ríkisins, um leið og kostnaður og gæði eru metin.

Eftirfarandi umhverfisskilyrði eru gerð til bjóðenda og skulu valdir seljendur uppfylla þau á samningstímanum:

- Bjóðandi skal hafa umhverfisstefnu þar sem fram koma að lágmarki: upplýsingar um hvernig sorpflokkun er háttað og markmið hans um minnkun kolefnisspors síns, hvernig hann hyggst uppfylla þau og á hvaða tíma.
- Bjóðandi skal uppfylla lágmarksskilyrði grunnviðmiða er varða plastumbúðir. Ef vara er afhent í umbúðum úr plasti skulu umbúðirnar ekki innihalda pólývínýlklóríð (PVC) eða plastefni úr öðrum tegundum klóraðra efna. Kaupanda er heimilt að sannreyna hvort viðmið séu uppfyllt á samningstímabilinu.
- Viðmið umhverfisskilyrða eru byggð á viðmiðum umhverfismerkjana: Norræni Svanurinn og Evrópublómið. Sé vara eða þjónusta vottuð með þessum umhverfismerkjum er það fullnægjandi staðfesting á því að viðmiðin séu uppfyllt.
- Þeir bjóðendur sem bjóða lífrænt framleidda vöru skulu uppfylla lágmarksskilyrði grunnviðmiðanna og sýna fram á það með viðurkenndu alþjóðlegu eða innlendu merki. Þær upplýsingar munu birtast á vef Ríkiskaupa til upplýsinga fyrir kaupendur.

Sjá nánar á [vef](#)

Nú þegar er heildarmagn lífúrgangs frá öllum skólum Kópavogsbæjar mælt af hirðuaðila. Bílar Íslenska gámafélagsins, sem sér um sorphirðu frá starfsstöðvum samkvæmt rammasamning RK 16.05 um úrgangspjónustu, eru útbúnir vigtum sem vigta hvert ílát sem er losað. Förgunargjald er síðan rukkað samkvæmt verðskrá rammasamnings. Kópavogsbær notast við hugbúnaðarlausnina Klappir m.a. til að fylgjast með magntölum hvers úrgangsflokks frá starfsstöðvum. Upplýsingar um heildarmagn lífúrgangs hvers skóla er mælt og eru til í gagnagrunni Klappa og Íslenska gámafélagsins. Allur sá lífúrgangur sem safnast frá skólum fer í jarðgerð.

Lagt er til að við næstu úttekt á skólamötuneytum sem mun fara fram á skólaárinu 2025 – 2026 verði metið hvort máltíðir í grunnskólum geti kallast umhverfis- og loftlagsvænar. Einnig að skoðað verði nánar mælingar á matarsóun og setja markmið um að draga úr henni. Jafnframt að áhersla Kópavogsbæjar varðandi mötuneyti í grunnskólum verði sýnilegri t.d. á heimasíðu.

Virðingarfyllt,

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildastjóri grunnskóladeildar